

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 65/2020**

2023/EES/19/19

frá 30. apríl 2020

**um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2166 frá 16. desember 2019 um breytingu á framkvæmdarákvörðun 2014/908/ESB að því er varðar færslu Serbíu og Suður-Kóreu á skrána yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði þar sem kröfur um eftirlit og reglur eru taldar jafngildar að því er varðar meðhöndlun áhættuskuldbindinga samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 14at (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/908/ESB) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 D 2166:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2166 frá 16. desember 2019 (Stjtið. ESB L 328, 18.12. 2019, bls. 84).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2019/2166, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Clara Ganslandt**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 84.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.